

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi við Sörlaskeið 34 og 36.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. nóvember 2011 breytingu á deiliskipulagi við Sörlaskeið 34 og 36 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gerður er byggingarreitur milli núverandi húsa við Sörlaskeið 34 og 36 fyrir yfirbyggt gerði á sér lóð. Mænishæð gerðis verði 4,8 m og vegg hæð 3,2 m. Byggingarreitur ásamt lóðinni verður í sameiginlegri eigu Sörlaskeiðs 34 og 36. Nýtingarhlutfall sameiginlegrar lóðar verður 0,9.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. nóvember 2011,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2011